# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

**1. janúar - 30. september 2014**

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
Kt. 690689-2009

# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar - 30. september 2014

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Eiginfjáryfirlit | 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 6 |
| Skýringar | 7-14 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Óendurskoðaður samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

**Rekstur**
Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 906 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 47.274 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 15.392 milljónum króna.

**Ný vátryggingalöggjöf**
Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri vátryggingalöggjöf, Solvency II, sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á þvi hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Gjaldþolskrafa skv. Solvency II er reiknuð sem áhættumiðað mat á heildaráhættu félagsins. Megin
breyting á reiknuðu gjaldþoli eftir Solvency II felst í að staða vátryggingaskuldar umfram varfærnislegt mat telst til gjaldþols þó að frádregnum tekjuskatti. Þetta hefur í för með sér að gjaldþol félagsins reiknast hærra samkvæmt Solency II. Félagið hefur reiknað gjaldþol og gjaldþolskröfu miðað við síðust áramót. Þá reiknast gjaldþol skv. Solency II 17,9 milljarðar króna og gjaldþolskrafa 9,2 milljarðar króna sem gefur gjaldþolshlutfall 1,9. Gjaldþol reiknast því um 4 milljörðum króna hærra samkvæmt Solvency II en í núverandi löggjöf, að teknu tilliti til tekjuskatts. Þessi útreikningur miðast við þær forsendur og upplýsingar sem liggja fyrir um væntanlega löggjöf.

Samhliða innleiðingu á löggjöfinni er unnið að því að setja félaginu ný markmið um gjaldþol og arðgreiðslustefnu. Félagið mun upplýsa um niðurstöður þessarar vinnu þegar henni er lokið og allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi nýja löggjöf liggja fyrir.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2014 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2014.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. október 2014

**Í stjórn**

Friðrik Hallbjörn Karlsson
stjórnarformaður

Guðrún Þorgeirsdóttir
varaformaður

Steinar Þór Guðgeirsson

Helga Jónsdóttir

Davíð Harðarson

**Forstjóri**

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar -30. september 2014

| | Skýr. | 3F 2014 | 3F 2013 | 9M 2014 | 9M 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | | 4.071.947 | 4.058.015 | 11.853.120 | 12.028.914 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | (155.176) | (169.405) | (463.250) | (487.784) |
| **Eigin iðgjöld** | 6 | 3.916.771 | 3.888.610 | 11.389.870 | 11.541.130 |
| Fjármunatekjur | 7 | 260.929 | 190.714 | 591.568 | 522.514 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | | 502.285 | 891.949 | 834.920 | 1.934.313 |
| **Fjárfestingatekjur** | | 763.214 | 1.082.663 | 1.426.488 | 2.456.827 |
| Aðrar tekjur | | 34.519 | 33.639 | 118.357 | 114.513 |
| **Heildartekjur** | | 4.714.505 | 5.004.912 | 12.934.716 | 14.112.470 |
| Tjón tímabilsins | | (3.268.884) | (2.897.967) | (9.053.779) | (8.734.801) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | | 65.315 | 29.850 | 127.945 | 82.129 |
| **Eigin tjón** | 8 | (3.203.569) | (2.868.117) | (8.925.834) | (8.652.672) |
| Rekstrarkostnaður | | (944.538) | (932.570) | (2.939.105) | (2.910.374) |
| Vaxtagjöld | | (541) | (533) | (1.757) | (1.905) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | | (14.116) | (19.127) | (25.610) | (77.972) |
| **Heildargjöld** | | (4.162.764) | (3.820.347) | (11.892.306) | (11.642.924) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 551.740 | 1.184.565 | 1.042.409 | 2.469.546 |
| Tekjuskattur | 9 | (96.837) | (235.773) | (136.577) | (426.332) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 454.904 | 948.791 | 905.833 | 2.043.214 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut | | 0,19 | 0,38 | 0,36 | 0,82 |

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. september 2014

| | Skýr | 30.9.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 100.116 | 179.588 |
| Viðskiptavild | | 474.599 | 474.599 |
| Óefnislegar eignir | | 953.924 | 450.774 |
| Skatteign | | 124.219 | 115.402 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 10 | 29.183.546 | 29.438.641 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga | 10 | 4.319.607 | 4.288.871 |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur | 10 | 93.886 | 191.067 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.235.803 | 1.221.236 |
| Viðskiptakröfur | | 6.091.931 | 4.811.381 |
| Endurtryggingaeignir | | 1.491.774 | 1.426.354 |
| Aðrar kröfur | | 1.628.141 | 994.059 |
| Handbært fé | | 1.576.722 | 2.661.796 |
| **Eignir samtals** | | 47.274.268 | 46.253.767 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.466.361 | 2.502.481 |
| Lögbundinn varasjóður | | 625.620 | 625.620 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.300.141 | 13.496.083 |
| Eigið fé samtals | | 15.392.123 | 16.624.184 |
| **Skuldir** | | | |
| Vátryggingaskuld | 12 | 29.069.838 | 27.082.870 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.235.803 | 1.221.236 |
| Viðskiptaskuldir | | 478.857 | 411.780 |
| Aðrar skuldir og fyrirfram innheimtar tekjur | | 1.097.647 | 913.697 |
| Skuldir samtals | | 31.882.145 | 29.629.583 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 47.274.268 | 46.253.767 |

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. september 2014

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **2013** | | | | |
| Eigið fé 1.1.2013 | 2.502.481 | 625.620 | 11.342.036 | 14.470.137 |
| Greiddur arður | | | | 0 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 2.043.215 | 2.043.215 |
| Eigið fé 30.9.2013 | 2.502.481 | 625.620 | 13.385.251 | 16.513.352 |
| **2014** | | | | |
| Eigið fé 1.1.2014 | 2.502.481 | 625.620 | 13.496.083 | 16.624.184 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 905.833 | 905.833 |
| Keyptir eigin hlutir | (36.120) | | (270.834) | (306.954) |
| Greiddur arður 0,73165 kr. á hlut | | | (1.830.940) | (1.830.940) |
| Eigið fé 30.9.2014 | 2.466.361 | 625.620 | 12.300.141 | 15.392.123 |

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2014

| | Skýr. | 9M 2014 | 9M 2013 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 905.833 | 2.043.214 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (589.811) | (520.609) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | | (834.920) | (1.934.313) |
| Afskriftir | | 94.955 | 110.108 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | (8.434) | 0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skatteign, (hækkun) | | (365) | (32.826) |
| Fjáreignir, lækkun (hækkun) | | 428.195 | (2.340.514) |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun | | 97.181 | 41.994 |
| Viðskiptakröfur, (hækkun) | | (1.280.550) | (1.228.756) |
| Endurtryggingaeignir, (hækkun) | | (65.420) | (119.553) |
| Aðrar eignir, (hækkun) | | (634.082) | (214.846) |
| Vátryggingaskuld, hækkun | | 1.986.968 | 1.870.686 |
| Viðskiptaskuldir, hækkun, (lækkun) | | 67.078 | (249.987) |
| Aðrar skuldir, hækkun | | 225.049 | 378.199 |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta** | | 391.674 | (2.197.203) |
| Innborgaðar fjármunatekjur | | 1.236.269 | 1.710.517 |
| Greidd fjármagnsgjöld | | (1.757) | (1.905) |
| Greiddur tekjuskattur | | (49.551) | 0 |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 1.576.635 | (488.591) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptur hugbúnaður | | (488.159) | 0 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (32.278) | (5.817) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 10.237 | 0 |
| | | (510.199) | (5.817) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Kaup á eigin hlutum | | (306.954) | 0 |
| Greiddur arður | | (1.830.940) | 0 |
| | | (2.137.894) | 0 |
| (Lækkun) handbærs fjár | | (1.071.458) | (494.408) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 2.661.796 | 4.318.165 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | (13.617) | 34.623 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 1.576.721 | 3.858.380 |

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningurinn er samandreginn og er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2013.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 30. október 2014.

### 2.2 Grundvöllur reikningsskila

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Samandregni árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Engar breytingar hafa verið gerðar á reikningsskilareglum samstæðunnar frá ársreikningi 2013. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com

Nokkrir nýir staðlar og viðbætur við staðla tóku gildi í upphafi árs 2014 en höfðu engin áhrif á reikningsskil félagsins.

## 3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 12

## 4. Breytt framsetning

Samstæðan hefur breytt framsetningu fjárfestingatekna í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Vaxtatekjur fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstur eru nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en voru áður hluti af fjármunatekjum. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar eða eigið fé hennar. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

## 5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2014 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 11.176.063 | 677.057 | 0 | 11.853.120 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (347.115) | (116.134) | 0 | (463.250) |
| Fjárfestingatekjur | 857.578 | 28.172 | 540.737 | 1.426.488 |
| Aðrar tekjur | 118.357 | 0 | 0 | 118.357 |
| Heildartekjur | 11.804.883 | 589.095 | 540.737 | 12.934.716 |
| Tjón tímabilsins | (8.763.870) | (289.909) | 0 | (9.053.779) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | 14.586 | 113.359 | 0 | 127.945 |
| Rekstrarkostnaður | (2.370.634) | (191.595) | (376.876) | (2.939.105) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (1.757) | (1.757) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (25.610) | (25.610) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 684.965 | 220.949 | 136.494 | 1.042.409 |
| Tekjuskattur | | | | (136.577) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 905.833 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 51 milljón króna og í fjármálarekstri 2 milljónir króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 520 milljónir króna. Seldir rekstrarfjármunir í skaðatryggingarekstri eru 10 milljónir króna.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 30. september 2014 voru eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Fjárfestingaverðbréf | 31.418.762 | 1.938.997 | 239.280 | 33.597.039 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.235.803 | 0 | 1.235.803 |
| Endurtryggingaeignir | 1.367.312 | 124.461 | 0 | 1.491.774 |
| Handbært fé | 1.233.812 | 342.910 | 0 | 1.576.722 |
| Aðrar eignir | 4.127.120 | 0 | 5.245.810 | 9.372.930 |
| Eignir starfsþáttar | 38.147.006 | 3.642.172 | 5.485.090 | 47.274.268 |
| **Skuldir** | | | | |
| Vátryggingaskuld | 28.267.044 | 802.794 | 0 | 29.069.838 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.235.803 | 0 | 1.235.803 |
| Aðrar skuldir | 1.465.499 | 111.005 | 0 | 1.576.504 |
| Skuldir starfsþáttar | 29.732.543 | 2.149.602 | 0 | 31.882.145 |

## 5. Starfsþáttagreining (frh.)

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2013 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 11.399.579 | 629.335 | 0 | 12.028.914 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (381.786) | (105.998) | 0 | (487.784) |
| Fjárfestingatekjur | 852.802 | 26.994 | 1.577.030 | 2.456.827 |
| Aðrar tekjur | 114.513 | 0 | 0 | 114.513 |
| Heildartekjur | 11.985.108 | 550.332 | 1.577.030 | 14.112.470 |
| Tjón tímabilsins | (8.480.347) | (254.454) | 0 | (8.734.801) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | 6.742 | 75.387 | 0 | 82.129 |
| Rekstrarkostnaður | (2.364.675) | (177.070) | (368.629) | (2.910.374) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (1.906) | (1.906) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (77.972) | (77.972) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 1.146.828 | 194.194 | 1.128.524 | 2.469.546 |
| Tekjuskattur | | | | (426.332) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 2.043.214 |

Afskriftir rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri eru 67 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 6 milljónir króna.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2013 voru eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Fjárfestingaverðbréf | 31.327.283 | 2.039.122 | 552.174 | 33.918.579 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.221.236 | 0 | 1.221.236 |
| Endurtryggingaeignir | 1.274.801 | 151.554 | 0 | 1.426.354 |
| Handbært fé | 2.397.767 | 264.029 | 0 | 2.661.796 |
| Aðrar eignir | 3.083.069 | 0 | 3.942.733 | 7.025.801 |
| Eignir starfsþáttar | 38.082.919 | 3.675.941 | 4.494.907 | 46.253.767 |
| **Skuldir** | | | | |
| Vátryggingaskuld | 26.350.489 | 732.381 | 0 | 27.082.870 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.221.236 | 0 | 1.221.236 |
| Aðrar skuldir | 1.248.534 | 76.943 | 0 | 1.325.477 |
| Skuldir starfsþáttar | 27.599.023 | 2.030.560 | 0 | 29.629.583 |

## 6. Eigin iðgjöld

| | 9M 2014 | 9M 2013 |
|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 13.345.757 | 13.655.302 |
| Hluti endurtryggjenda | (586.631) | (619.446) |
| Breyting á iðgjaldaskuld | (1.492.637) | (1.626.387) |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld | 123.381 | 131.662 |
| Eigin iðgjöld | 11.389.870 | 11.541.130 |

# Skýringar

## 7. Fjármunatekjur

| | 9M 2014 | 9M 2013 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 74.111 | 154.992 |
| Vaxtatekjur af skuldabréfum | 157.147 | 216.899 |
| Aðrar vaxtatekjur | 195.653 | 198.469 |
| Arðgreiðslur af hlutabréfaeign | 85.767 | 113.658 |
| Gengismunur gjaldmiðla | 78.890 | (161.504) |
| Fjármunatekjur | 591.568 | 522.514 |

## 8. Eigin tjón

| | 9M 2014 | 9M 2013 |
|---|---|---|
| Bókfærð tjón | 8.559.449 | 8.490.502 |
| Hluti endurtryggjenda | (143.591) | (83.970) |
| Breyting á tjónaskuld | 494.330 | 244.298 |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld | 15.646 | 1.842 |
| Eigin tjón | 8.925.834 | 8.652.672 |

## 9. Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 137 milljónum króna.

**Virkt skatthlutfall:**

| | 1. janúar - 30. september 2014 | | 1. janúar - 30. september 2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.042.409 | | 2.469.546 | |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 208.482 | 20,0% | 493.909 | 20,0% |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 6 | 0,0% | 6 | 0,0% |
| Fenginn arður | (17.153) | -1,6% | (22.732) | -0,9% |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | (64.220) | -6,2% | (93.367) | -3,8% |
| Aðrir liðir | 9.462 | 0,9% | 48.516 | 2,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 136.577 | 13,1% | 426.332 | 17,3% |

## 10. Fjárfestingaverðbréf

| **Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:** | 30.9.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | |
| Skráð í innlendri kauphöll | 2.632.763 | 1.684.015 |
| Skráð í erlendum kauphöllum | 739.586 | 493.940 |
| Önnur félög, óskráð | 2.493.576 | 1.577.370 |
| | 5.865.926 | 3.755.326 |
| **Önnur verðbréf** | | |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 8.898.374 | 10.615.483 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 4.985.143 | 6.009.699 |
| Önnur skuldabréf | 5.906.123 | 5.138.457 |
| Skuldabréfasjóðir | 1.362.954 | 1.488.756 |
| Hlutabréfasjóðir | 317.161 | 652.741 |
| Fagfjárfestasjóðir | 1.847.864 | 1.778.180 |
| | 23.317.620 | 25.683.316 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur samtals | 29.183.546 | 29.438.642 |
| **Fjáreignir haldið til gjalddaga** | | |
| Skráð ríkistryggð verðbréf * | 4.319.607 | 4.288.871 |
| **Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:** | | |
| Lán með veði í fasteignum | 92.652 | 179.543 |
| Lán með veði í lausafé | 277 | 4.993 |
| Önnur skuldabréf | 957 | 6.531 |
| | 93.886 | 191.067 |
| Fjárfestingaverðbréf | 33.597.039 | 33.918.580 |
| * Áætlað gangvirði fjáreigna haldið til gjalddaga | 4.056.970 | 4.165.055 |

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðismatið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).
**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

| **30. september 2014** | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 23.638.227 | 585.217 | 4.960.102 | 29.183.546 |
| Fjáreignir til gjalddaga á gangvirði | 1.688.208 | 2.368.762 | | 4.056.970 |
| Fjáreignir samtals | 25.326.435 | 2.953.979 | 4.960.102 | 33.240.516 |

| **31. desember 2013** | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 24.712.591 | 593.814 | 4.132.236 | 29.438.641 |
| Fjáreignir til gjalddaga á gangvirði | 1.729.927 | 2.435.128 | 0 | 4.165.055 |
| Fjáreignir samtals | 26.442.518 | 3.028.942 | 4.132.236 | 33.603.696 |

## 11. Stigskipting gangvirðis (frh)

**Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 2 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:**

Í stig 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:**

Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

### Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2014 | 4.132.236 |
| Keypt | 791.215 |
| Selt/afborganir | (376.712) |
| Vextir, matsbreyting | 413.363 |
| Staða 30.9.2014 | 4.960.102 |

## 12. Vátryggingaskuld

| | 30.9.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| **Vátryggingaskuld (heild):** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 19.264.587 | 18.707.206 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 2.939.569 | 3.002.619 |
| Tjónaskuld samtals | 22.204.156 | 21.709.825 |
| Iðgjaldaskuld | 6.865.682 | 5.373.045 |
| Vátryggingaskuld samtals | 29.069.838 | 27.082.870 |
| **Hlutdeild endurtryggjenda:** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 1.225.430 | 1.237.527 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 56.728 | 60.278 |
| Tjónaskuld | 1.282.158 | 1.297.805 |
| Iðgjaldaskuld | 209.615 | 86.234 |
| Hlutdeild endurtryggjenda samtals | 1.491.774 | 1.384.039 |
| **Vátryggingaskuld í eigin hlut:** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 18.039.157 | 17.469.679 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 2.882.841 | 2.942.341 |
| Tjónaskuld | 20.921.998 | 20.412.020 |
| Iðgjaldaskuld | 6.656.067 | 5.286.811 |
| Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals | 27.578.065 | 25.698.831 |

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis er óveruleg.

Tjónaskuld er mat félagsins á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörsdegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörsdegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum félagsins vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörsdegi.

# Skýringar

## 13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru móðurfélag, stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | 1.1.-30.9.2014 | | 30.9.2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Tengd félög | 13.035 | 19.896 | 13.191 | 0 |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 3.527 | 1.519 | 1.225 | 0 |
| | 16.562 | 21.416 | 14.416 | 0 |

| | 1.1.-30.9.2013 | | 31.12.2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Tengd félög | 19.079 | 6.399 | 27.460 | 0 |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 3.085 | 2.622 | 838 | 0 |
| | 22.163 | 9.021 | 28.298 | 0 |

## 14. Ábyrgðir og önnur mál

**Stefna slitastjórnar SPRON**

Slitastjórn SPRON höfðaði mál með stefnu á hendur VÍS þann 19. júlí 2012 þar sem m.a er krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Félagið skilaði greinargerð í málinu þann 15. janúar 2013 og er það í þinglegri meðferð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Fjárhæð kröfunnar frá slitastjórn SPRON nemur 2 milljörðum króna auk dráttarvaxta. Óvíst er hvenær dómsniðurstaða mun liggja fyrir og kann dráttur á niðurstöðu dómstóla að hafa áhrif á endanlega fjárhæð kröfu slitastjórnar SPRON þar sem ekki er ljóst hvort og þá fyrir hvaða tímabil dráttarvextir reiknast ef kemur til þess að dómur falli VÍS í óhag. Aftur á móti, miðað við dómafordæmi og ákvæði vaxtalaga má ætla að meiri líkur en minni séu á því að upphafstími dráttarvaxta myndi taka mið af því tímamarki er dómsmálið var höfðað, þ.e. frá 19. júlí 2012.

Hæstiréttur Íslands felldi þann 11. desember 2013 dóm um að málinu yrði frestað þar til fyrir liggur niðurstaða rannsóknar sérstaks saksóknara á ætlaðri skuggafjármögnun VÍS til Exista gegnum SPRON. Ekki er unnið að rannsókn á vegum sérstaks saksóknara sem beinist að félaginu sjálfu eða núverandi eða fyrrverandi stjórnendum þess. Þann 2. október 2014 var gefin út ákæra á hendur nokkrum fyrrverandi stjórnarmönnum SPRON og þar með lauk fyrrgreindri rannsókn sérstaks saksóknara. Boðað hefur verið til fyrirtöku málsins hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þann 4. nóvember næstkomandi.

Stjórnendur félagsins telja málatilbúnað slitastjórnar byggðan á veikum grunni og telja að meiri líkur en minni séu á að félagið verði sýknað af kröfu slitastjórnarinnar. Af þeim sökum hefur ekki verið færð varúðarfærsla vegna þessa í árshlutareikningi samstæðunnar. Í því skyni að draga úr óvissu um áhrif ofangreinds dómsmáls á virði hlutabréfa VÍS og eiginfjárstöðu félagsins, skuldbatt Klakki ehf. sig í tengslum við hlutafjárútboð í apríl 2013 til áskriftar að B-hlutum að verðmæti allt að 3,5 milljarðar króna (án atkvæðis- og arðsréttar) komi til þess að dómsmálið falli VÍS í óhag. B-hlutirnir munu þá verða innleystir af VÍS innan 12 mánaða frá útgáfu þeirra á grunni endurheimta kröfu á hendur SPRON, söluandvirði hennar eða afhendingar kröfu til Klakka fyrir 1 kr. ef hvorugt af framangreindu liggur fyrir. Fyrir liggur bankaábyrgð að fjárhæð 3,5 milljarðar króna til tryggingar á efndum Klakka ehf. á framangreindri áskrift.

## 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 16. Ársfjórðungayfirlit

| | Samtals 2014 | 1F 2014 | 2F 2014 | 3F 2014 |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 11.853.120 | 3.860.541 | 3.920.632 | 4.071.947 |
| Eigin iðgjöld | 11.389.870 | 3.700.083 | 3.773.016 | 3.916.771 |
| Fjárfestingatekjur | 1.426.488 | 170.899 | 492.375 | 763.214 |
| Aðrar tekjur | 118.357 | 47.311 | 36.527 | 34.519 |
| Heildartekjur | 12.934.716 | 3.918.292 | 4.301.918 | 4.714.505 |
| Tjón tímabilsins | (9.053.779) | (2.973.618) | (2.811.277) | (3.268.884) |
| Eigin tjón | (8.925.834) | (2.938.414) | (2.783.851) | (3.203.569) |
| Rekstrarkostnaður | (2.939.105) | (1.000.708) | (993.859) | (944.538) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld | (27.367) | (7.075) | (5.635) | (14.657) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.042.410 | (27.904) | 518.573 | 551.741 |
| Tekjuskattur | (136.577) | 13.874 | (53.614) | (96.837) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 905.833 | (14.030) | 464.959 | 454.904 |

| | Samtals 2013 | 1F 2013 | 2F 2013 | 3F 2013 | 4F 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 16.090.039 | 4.024.493 | 3.946.406 | 4.058.015 | 4.061.125 |
| Eigin iðgjöld | 15.447.269 | 3.877.660 | 3.774.860 | 3.888.610 | 3.906.139 |
| Fjárfestingatekjur | 2.630.729 | 975.890 | 398.274 | 1.082.663 | 173.902 |
| Aðrar tekjur | 154.782 | 34.116 | 46.758 | 33.639 | 40.269 |
| Heildartekjur | 18.232.781 | 4.887.666 | 4.219.892 | 5.004.912 | 4.120.310 |
| Tjón tímabilsins | (12.667.260) | (3.037.960) | (2.798.874) | (2.897.967) | (3.932.459) |
| Eigin tjón | (11.662.627) | (3.020.704) | (2.763.851) | (2.868.117) | (3.009.955) |
| Rekstrarkostnaður | (3.934.148) | (999.412) | (978.392) | (932.571) | (1.023.774) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld | (80.228) | (38.394) | (21.823) | (19.660) | (351) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 2.555.778 | 829.157 | 455.826 | 1.184.564 | 86.230 |
| Tekjuskattur | (401.732) | (118.178) | (72.381) | (235.773) | 24.600 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 2.154.046 | 710.978 | 383.445 | 948.791 | 110.831 |

## 17. Lykilhlutföll

| | Samtals 2014 | 1F 2014 | 2F 2014 | 3F 2014 |
|---|---|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 76,4% | 77,0% | 71,7% | 80,3% |
| Eigið tjónahlutfall | 78,4% | 79,4% | 73,8% | 81,8% |
| Kostnaðarhlutfall | 21,6% | 22,7% | 22,1% | 20,2% |
| Endurtr. kostnaðarhlutfall | 2,8% | 3,2% | 3,1% | 2,2% |
| Samsett hlutfall | 100,8% | 102,9% | 96,9% | 102,7% |
| Gjaldþolshlutfall samstæðu | 3,8 | 3,7 | 3,7 | 3,8 |
| Gjaldþolshlutfall móðurfélags | 4,9 | 4,8 | 4,9 | 4,9 |

| | Samtals 2013 | 1F 2013 | 2F 2013 | 3F 2013 | 4F 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 78,7% | 75,5% | 70,9% | 71,4% | 96,8% |
| Eigið tjónahlutfall | 75,5% | 77,9% | 73,2% | 73,8% | 77,1% |
| Kostnaðarhlutfall | 21,4% | 21,7% | 21,7% | 20,1% | 22,0% |
| Endurtr. kostnaðarhlutfall | -2,3% | 3,2% | 3,5% | 3,4% | -18,9% |
| Samsett hlutfall | 97,8% | 100,4% | 96,1% | 94,9% | 100,0% |
| Gjaldþolshlutfall samstæðu | 3,7 | 3,9 | 4,0 | 4,2 | 3,7 |
| Gjaldþolshlutfall móðurfélags | 4,8 | 5,1 | 5,2 | 5,4 | 4,8 |